

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

KRÍSUVÍKURÁETLUN 1970

- 1. Framvinduskýrsla -

eftir

Stefán Arnórsson

ágúst 1970

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

KRÍSUVÍKURAÆTLUN 1970

- 1. Framvinduskýrsla -

eftir

Stefán Arnórsson

ágúst 1970

## 0. Vitneskja um svæðið um áramót 1969-70.

I skýralu jarðhitadeildar "Krísuvíkuráætlun 1970-71" eftir Stefán Arnórsson og Stefán G. Sigurmundsson, jan. 1970, er fjallað um niðurstöður rannsókna á Krísuvíkursvæði fram til áramóta 1969-70. Þær niðurstöður eru í stuttu málí sem hér segir:

- 1) Magn vetrnis í gasi bendir til þess, að berghiti í Trölladyngju og annars staðar vestan Sveifluháls sé ekki hærri en ca.  $200^{\circ}\text{C}$ , en nokkru hærri austan Sveifluháls og hæstur í suðurenda Kleifarvatns, líklega nálægt  $250^{\circ}\text{C}$ .
- 2) Segulmælingar úr lofti sýna ekki áberandi samsvörum lágs segulsviðs og jarðhita á yfirborði.
- 3) Rafleiðnimælingar á 5 stöðum vestan Sveifluháls sýna tiltölulega lágt viðnám, 12-32 ohm.m, á 200-400 m dýpi. Ekki er allsstaðar hiti á yfirborði, þar sem þessar mælingar voru gerðar.
- 4) Djúpar boranir í Seltúni í Krísuvík sýna, að hámarks-hiti er þar á 300-500 m dýpi, en fyrir norðan Seltún að suðurenda Kleifarvatns er hitastigull nálægt  $1^{\circ}\text{C}/\text{m}$  í fjórum nálægt 100 m djúpum borholum.
- 5) Smáskjálftar árið 1969 voru langtíðastir á Krísuvíkursvæði við suðurenda Kleifarvatns, þar sem vetrnismagn í gasi bendir til hæstst berghita.

## 1. Niðurstöður frumrannsóknar 1970 fram til 6. ágúst.

### 1) Rafleiðnimælingar.

Rafleiðnimælingar gerðar í sumar sýna, að jarðvatn í berggrunni í Krísvík niður á 600 m dýpi er ekki verulega salt. Sunnan Grænavatns er eðlisviðnám 78 ohm.m á u.p.b. 600 m dýpi, svo að jarðhitasvæði í Krísvík nær ekki lengra suður en að Grænavatni. Norðan Kleifarvatns er einnig hátt eðlisviðnám (300 ohm.m) á u.p.b. 600 m dýpi. Hins vegar er eðlisviðnám lágt fyrir sunnan Kleifarvatn og við þjóðveg vestan suðurenda vatnsins um 10 ohm.m á u.p.b. 400 m dýpi. Fellur eðlisviðnámið snögglega á 100-200 m dýpi. Jarðhiti er mjög óverulegur á yfirborði nálegt og í suðurenda Kleifarvatns.

Eðlisviðnám í Seltúni skammt frá borholum 1-3 nær lágmarki á 100-300 m dýpi. Hekkun eðlisviðnáms neðan þessa dýpis er talið stafa af kólnun, en ekki af því að armur annars straumpólsins gati hafa verið kominn út úr hitanum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við hitamælingar í borholum, sem sýna hámarkshita á 300-500 m dýpi í Seltúni. Rafleiðnimælingar styðja því fyrri vatnsrennslismynd af svæðinu í Krísvík, að uppstreymi sé undir suðurenda Kleifarvatns og að tunga heits vatns streymi þaðan til suðurs og yfirborðs undir Seltúni.

Hjó lága eðlisviðnám á 5 mælistöðum vestan Sveifluháls er talið geta stafað af söltu vatni í berggrunni jafnt sem hita. Gerlegt verður að finna út orsókina fyrir hinu lága eðlisviðnámi með rafleiðnimælingum í ágúst og september næstkomandi.

### 2) Jarðefnafræði.

Varmafræðilegir útreikningar, sem varða samsetningu hveralofts, hafa sýnt, að hlutfallslegt magn vetrnis í hvemlofti eykst með hita, en þær niðurstöður eru í samræmi við fyrri

hugmyndir. Hinsvegar hafa þessir útreikningar ekki endurbætt fyrri hugmyndir um hvernig vetrismagn í hveralofti breytist með hita.

Endursöfnun á hveralofti á tveimur stöðum í Krísvík sýna hverfandi sveiflur á samsetningu þess á einu ári, en það bendir sterkega til þess, að samsetning hveralofts endurspeglar svæðisbundnu efna- og eðlisfræðilegu ástandi í berggrunni, sem ekki er háð breytilegum staðháttum á yfirborði.

Volgar uppsprettur við gamla sundlaug í Krísvík og í Austurengi bera engin einkenni djúpvatns á háhitasvæðum. Einnig er vatnið í þessum uppsprettum frábrugðið einkennandi yfirborðsvatni á háhitasvæðum. Kísilmagnið í vatniniu bendir til 95 og 135°C. Líklegt er talið, að vatnið í þessum uppsprettum sé regnvatn af svæðinu, sem hefur sígið e.t.v. 100-200 m niður og blandast að litlu leyti djúpvatni, sem klórfiðinnihald þess bendir til, en þó ekki fengið einkenni yfirborðsvatns vegna lítils útstreymis hveralofts.

## 2. Framvinda hinna ýmsu bátta frumrannsóknar.

### 1) Rafleiðnimælingar.

Rafleiðnimælingarnar gengu seint fram til síðustu mánaðarmóta. Stafaði það af mjög tiðum bilunum í þeim nýju viðnámsmælitækjum, sem voru smíðuð til þessara rannsókna. Síðustu daga hafa tækin þó ekki bilað og hafa mælingar gengið mjög vel. Lokið er nú 10 dýptarmælingum, en 5 voru gerðar í fyrra. Aetlað er að dýptarmælingar verði samtals um 30. Ekki er byrjað á lengdarmælingum. Gert er ráð fyrir, að mælingarflokkurinn, sem hefur verið við Námafjall muni vinna um 2-3 vikur í Krísvík í lok ágúst og byrjun september. Með því móti ætti að vera auðvelt að ljúka rafleiðnimælingum á Krísvíkursvæði á þessu hausti.

2) Segulmælingar.

Segulmælingar hafa ekki einn verið gerðar á jörðu, en segulmælingar úr lofti gerðar 1969 sýndu ekki segullagð í tengslum við jarðhita á yfirborði. Í þessum mánuði er áætlað að segulmæla á jörðu, þar sem mikil ummyndun er á yfirborði og e.t.v. á jöðrum svæðisins til að kanna, hvort þar sé mælanlegur stallur í segulsviði.

3) Jarðefnafræði.

Efnagreiningum á gasi að tvívetni undanteknu er nár lokið. Eftir er að endursafna sýnum frá nokkrum stöðum. Söfnun á heitu vatni úr uppsprettum og efnagreiningum á þessu er vel á veg komið. Eftir er að safna djúpsýnum úr gömlum borholum, sem verður gert, þegar Ólafur Sigurjónsson kemur úr sumarfríi. Verða gerðar hitamælingar í borholunum um leið.

4) Jarðfræðikort og innrauð varmageislun.

Pessar athuganir verða gerðar af Jóni Jónssyni. Voru þær vel á veg komnar 1969, en nú er áætlað að ljúka þeim, þegar Jón Jónsson hefur störf að nýju hjá jarðhitadeild í þessum mánuði.

5) Smáskjálftar.

Smáskjálftamælingum er lokið og hafa niðurstöður verið ritaðar, en þær verða birtar á ráðstefnu S.B. í Pisa í september.